



MYND2VL05 og MYND3VL05

Kennsluáætlun – vorönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet H. Harðardóttir elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur endurvinnna vegginn sem skreyttur er nú þegar. Þeir fá úthlutað svæði þar sem skreytingarnar eru farnar að mást út vegna veðurs og mála í staðinn eigin sköpunarverk. Þá verður einnig þörf á að skrapa og hreinsa gamla lausa málningu. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og að geta nýtt sé leikni í hlutföllum og rúðustækkunum. Notast er við málningu en ekki spreyp.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- að þegar unnið er að verki utanhúss sé vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa lokavinnuna innandyra og utan með tilliti til efnis og áhalds
- að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi útliti sem allir geta sætt sig við.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma
- vinna allt frá hugmyndavinnu og að endanlegu verki.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka verkinu innan áætlaðs tíma.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Nemendur þurfa sjálfir að mæta með blýanta og strokeður.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er próflaus símats- og leiðsagnarmats áfangi þar sem öll vegferðin (áhugi, vinnusemi, sjálfstæð vinnubrögð, mæting, samvinna, hugmyndavinna o.fl.) er metin auk endanlegrar niðurstöðu. Afar mikilvægt er að hafa lokið fullunninni skissu í lit af tilvonandi verki ekki seinna en í lok febrúar og síðan í kjölfarið að ljúka verkinu - öðruvísi verður áfanginn ekki staðinn.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Annað

- Þegar farið er að vinna í málningarvinnunni er mikilvægt að vera í fötum sem henta þannig vinnu
- Tímaáætlun áfanganna er miðuð út frá því að fullunnin skissa sé til staðar ekki seinna en í lok febrúar. Því koma þarf öllum verkefnum nemenda sem einstaklingsverkefnum heim og saman í heildstætt verk.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Nemendur á þriðja þrepi fá sömu áætlun og byrjendur en ætlast er til meira sjálfstæðis og stuðnings frá þeim við vinnuna auk þess sem þeir hafa verið upplýstir um að þeir megi finna sinn eigin vegg utanskóla að vinna á sem krefst þá enn meira sjálfstæðis og agaðra vinnubragða.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.